



MANNVIT



VEITUR

# FJARLÆGING ASBEST VATNSLAGNAR FRÁ VATNSBÓLI Í BERJADAL Í HVALFJARÐARSVEIT AÐ LÝSINGARHÚSI Á AKRANESI– STUTT LÝSING Á VERKI

SKJALANÚMÉR: 1531320-000-CMO-0001

NÚGILDANDI ÚTGÁFA: 2.0

2.0	03.09.2021	Uppfært eftir athugasemdir Veitna	BB	HBj (Veitur)	BB	-
1.0	02.09.2021	Útgefið	BB	LÁ	BB	-
<b>ÚTGÁFA</b>	<b>DAGS. ÚTG</b>	<b>ÚTGÁFUSTAÐA</b>	<b>HÖFUNDUR</b>	<b>RÝNIR</b>	<b>SAMÞYKKT</b>	<b>VERKKAUPI</b>

## 1. Inngangur

Veitur ætla að bjóða út verkið „Fjarlægging asbest vatnslagnar frá vatnsbóli í Berjadal að lýsingarhúsi“. Í þessu minnisblaði er stutt lýsing á verkinu.

## 2. Lýsing á verki

Verkið er að fjarlægja eldri vatnslögn úr asbesti úr jörðu. Um er að ræða  $\varnothing 300$  mm asbestlögn frá 1950 og er lengd hennar um 2.100 metrar. Lögnin er ekki lengur í rekstri, hún var leyst af hólmi með  $\varnothing 400$  PE plastlögn árið 2004. Lögnin liggur frá lokahúsi við vatnsból Akraness neðan Berjadals í Hvalfjarðarsveit að lýsingarhúsi Veitna við golfvöll golfklúbbsins Leynis á Akranesi.

Framkvæmdin felst í að grafið verður ofan af og til hliðar við asbestlögnina og hún fjarlægð í hlutum, skurðurinn síðan fylltur og gengið frá yfirborð. Flytja þarf að jarðefni (mold) til að fylla í skurð til að vega upp á móti rúmmáli lagnarinnar sem hverfur úr skurði.

Ekki er gert ráð fyrir vinnuvegi meðfram lögn. Gert er ráð fyrir að asbestlagnir verði fluttar með beltagröfu þangað sem hægt verður að koma vörubílum að. Asbeströrin verða síðan flutt til urðunar í Sorpurðun Vesturlands í Fíflholti.

Gengið verður frá yfirborði sem líkast því sem það er í dag. Í ræktuðu landi verða skornar þökur í skurðstæðinu og þær lagðar aftur á sama stað eftir að fyllt hefur verið í skurð. Í óræktuðu landi verður gróðurþekja fjarlægð í torfum og komið fyrir aftur á sama stað eftir að fyllt hefur verið í skurð. Eingöngu verður notaður staðargróður við yfirborðsfrágang.

Framkvæmdasvæði verksins nær yfir bæði sveitarfélögin Akranes og Hvalfjarðarsveit.

Nánari upplýsingar um verkið er að finna í meðfylgjandi fylgiskjölum.

### Fylgiskjöl:

- Fjarlægging asbest vatnslagnar frá vatnsbóli í Berjadal að lýsingarhúsi – teikningahefti
- Áhættur tengdar fjarlægingu asbests-minnisblað